



HÁTÍÐAHÖLD ALLT ÁRIÐ FÖGNUM SAMAN!



Hveragerði

1946 *80 ára* 2026

Þann 29. apríl 2026 eru 80 ár frá stofndegi sveitarfélagsins Hveragerðis. Þessum tímamótum verður fagnað með fjölda viðburða sem dreifast yfir afmælisárið. Í þessum bæklingi er stiklað á stóru í upptalningu á viðburðum ársins en þeir verða allir auglýstir nánar á vef bæjarins.

ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Heiðruðu Hvergerðingar, það er mér bæði sönn ánægja og heiður að fylgja ykkur fyrstu skrefin í þessum bæklingi, sem nú kemur út í tilefni 80 ára afmælis Hveragerðisbæjar. Í honum má m.a. finna dagskrá afmælisins, sem er bæði fjölbreytt og hátíðleg – tónar sig við skapandi staðarblæ bæjarins sem er einstakur.

Það eru merk og mikilvæg tímamót þegar sveitarfélag verður 80 ára. Tímamót þar sem við finnum okkur þakklát fyrir óeigingjarnt framlag, elju og skarpa framsýni fyrri kynslóða, sem skópu þennan bæ, dag frá degi, ár frá ári. Frumherjar sem stofnuðu fyrirtæki og hófu rekstur - ræktuðu bæinn til vegs og virðingar. Buðu sig fram í bæjarmálin, höfðu skýra framtíðarsýn, tókust á um hugmyndir, náðu sáttum og stuðluðu að framgangi bæjarins. Báru ástríðu í brjósti, óslökkvandi áhuga og bjarta lífsýn sem þeir vildu finna farveg fyrir, efla og rækta til framtíðar. Þannig verða til íþróttafélög, skátafélög, menningar- og listafélög, kvenfélög og svo mætti lengi telja. Félög sem eru drifin af hugsjón um betra og öflugra samfélag í sjálfbodinni vinnu.

Á merkum tímamótum finnum við okkur líka í þeirri stöðu að hugsa um hver við erum í dag, og hvert við stefnum. Hveragerði er blómstrandi bær sem hefur komið sér fyrir í fremstu röð á leiksviði íslenskra



sveitarfélaga sem gæðasamfélag. Við skulum aldrei gleyma því að tilurðarsaga þorpsins, sem varð að myndugum bæ, er þrá fólksins eftir hlýju og mildi, sköpun og skjóli í harðindum heimsins. Ylrækt fyrir sál og sinni heyrði ég sagt um daginn - það finnst mér fallett og einkennandi. Ef við byggjum á þeim góðu andríku gildum og höldum áfram að efla þau gæði sem einkenna Hveragerði, verður framtíð bæjarins björt. Svo mikið veit ég.

Lifi Hveragerði, heimsins besti staður!

Pétur G. Markan, bærarstjóri

ÞRÓUN BYGGÐAR

Byggð hófst í Hveragerði um 1930. Elsta hús bæjarins er íbúðarhúsið Varmahlíð við Breiðamörk 31, reist árið 1929. Íbúum fjölgaði hratt á næstu árum; árið 1930 eru 16 íbúar skráðir í sóknarmanntali Kotstrandarsóknar, áratug síðar voru þeir orðnir 121 og árið 1945 hafði íbúafjöldinn náð 377. Nýtt þorp hafði því orðið til innan um hverina í Ölfusi á skömmum tíma.

Árið 1946 varð Hveragerði sérstakt sveitarfélag þegar Hveragerðishreppur var stofnaður í kjölfar kosninga þar sem íbúar samþykktu að skilja sig frá Ölfushreppi.

Fyrsti fundur hreppsnefndar var haldinn 29. apríl 1946 og telst sá dagur því stofndagur sveitarfélagsins. Árið 1987 fékk Hveragerði kaupstaðarréttindi og heitir sveitarfélagið síðan Hveragerðisbær.

Í upphafi árs 2026 eru íbúar í Hveragerði tæplega 3.500.



APRÍL

Félag eldri borgara býður í Hveragerðisspjall í Þorlákssætri miðvikudaginn 15. apríl kl. 15.

Sagan um bæinn sem hýsti skáldin

Pjetur Hafstein Lárusson, skáld, rithöfundur og höfundur bókarinnar Hveragerðisskáldin, verður með sögustund á Bókasafninu í Hveragerði, fimmtudaginn 16. apríl. kl. 18. Varð Hveragerðisbær kannski til fyrir tilviljun? Hvað gekk fólki til með að flytja hingað og gera bæinn að skáldabyggð? Var það bara heita vatnið eða eitthvað allt annað? Hvert var fyrsta Hveragerðisskáldið? Boðið verður upp á kaffi og hverabrauð.

Barnamenningardagar

Dagana 23. - 26. apríl verða haldnir barnamenningardagar í Hveragerði. Dagskráin verður sérstaklega auglýst.

Sumardagurinn fyrsti

Skátamessa og húllumhæ í Hveragerðiskirkju, Karlaþór Hveragerðis syngur í Sundlauginni Laugaskarði, barnaljóð í lauginni, flugdrekasmiðja í Listasafni Árnesinga og auðvitað heilmikil dagskrá í Garðyrkjuskólanum.

Forsetaheimsókn á afmælisdaginn

Í tilefni af afmælisdegi Hveragerðisbæjar þann 29. apríl heimsækir forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, bæjarbúa. Á dagskránni er meðal annars heimsókn á Hjúkrunarheimilið Ás, hátíðarfundur bæjarstjórnar og afmælisfögnuður með börnum bæjarins í Lystigarðinum.

Húsverndarstyrkur

Á hátíðarfundum bæjarstjórnar verður í fyrsta sinn veittur húsverndarstyrkur Hveragerðisbæjar í tilefni 80 ára afmælisins.

MAÍ

Ljósmýndasýning

Sett verður upp sýning á myndum frá Hveragerði í gegnum tíðina í samstarfi við Héraðsskjalasafn Árnesinga. Sýningunni verður skipt niður í mismunandi þemu.

Vortónleikar Söngsveitar Hveragerðis

Söngsveitin heldur vortónleika í Hveragerðiskirkju. Tónleikarnir verða með sérstöku Hveragerðispema í tilefni afmælis bæjarins.

Sýning um hús Högnu Sigurðardóttur sem aldrei var klárað

Listasafn Árnesinga í samstarfi við Hveragerðisbæ og ýmsa sérfræðinga bjóða upp á gönguferðir upp að grunninum í vor og sumar.

JÚNÍ

Þjóðhátíðardagurinn

Dagskráin á 17. júní verður að mestu með hefðbundnu sniði og fer fram í Lystigarðinum. Í tilefni af afmæli bæjarins verður að auki sérstök dagskrá, Laugaspaug, í Sundlauginni Laugaskarði í anda liðinna tíma. Búast má við miklu fjöri í Laugaskarði á þjóðhátíðardaginn.

Tónlistarhátíðin Hverafugl

Hátíðin stendur yfir dagana 26.-28. júní og er með miklum tengingum við Hveragerði bæði fyrr og nú. Aðstandendur hátíðarinnar eru tónlistarfólk sem allt býr í Hveragerði. Tónleikar á hátíðinni verða haldnir í Grunnskólanum, Sundlauginni Laugaskarði, Blómaborg, Listasafni Árnesinga, Skeyrgerðinni og Gróðurhúsi Garðyrkjuskólans.

Minninga- og söguveggur

Auglýst eftir sögum og minningum.

Í tilefni af 80 ára afmæli Hveragerðisbæjar langar okkur að safna saman sögum, frásögnum og minningum um bæinn okkar.

Átt þú skemmtilega bernskuminningu, frásögn af fólki sem setti svip sinn á samfélagið eða bara skemmtilega frásögn sem tengist Hveragerðisbæ sem þú ert til í að deila? Þú getur skilað efni til okkar í gegnum heimasíðu bókasafnsins, í skilaboðum á Facebook eða með tölvupósti í netfangið bokasafn@hveragerdi.is

Frásagnirnar verða settar upp í sýningarrými bókasafnsins í sumar fyrir gesti og gangandi að njóta.

JÚLÍ

Söguskilti

Sett verður upp söguskilti um kanadískar hersveitir sem dvöldu í Hveragerði árið 1940 og settu mikinn svip á bæinn.

ÁGÚST

Blómstrandi dagar

Að venju verður bæjarhátíð okkar Hveragerðinga haldin þriðju helgina í ágúst. Hátíðin verður auglýst rækilega þegar nær dregur.

SEPTEMBER

Málþing um sögu Hveragerðis

Málþingið verður haldið í Grunnskólanum í Hveragerði. Nánari upplýsingar verða veittar síðar.

Litla Hveragerði

Hjálpaðu okkur að setja upp litla listasýningu með myndum af húsunum í Hveragerði. Boðið verður upp á nokkur skipti þar sem gestir og gangandi á öllum aldri geta mætt og málað litla mynd undir leiðsögn. Myndirnar munu svo hanga á sýningarsvæðinu á bókasafninu í september og október. Nánari upplýsingar um dagsetningar verða auglýstar sérstaklega þegar nær dregur.



OKTÓBER

Píla Pína

Í október mun Leikfélag Hveragerðis frumsýna leikritið um Pílu Pínu eftir Kristján frá Djúpalæk sem er eitt af hinum gömlu Hveragerðisskaldum.

Tónleikar Karlakórs Hveragerðis

Karlakór Hveragerðis verður með haust- og afmælistónleika þann 17. október í Hveragerðiskirkju kl. 16.00 ásamt gestalistamönnum úr Hveragerði þar sem fagnað verður 10. ára afmæli kórsins og 80 ára afmæli Hveragerðisbæjar.

NÓVEMBER

Ljósmyndasýning á bókasafninu

Ljósmyndahópurinn Hver heldur ljósmyndasýningu á bókasafninu með gömlum myndum og nýjum sem tengjast Hveragerðisbæ.

Afmælistónleikar Kirkjukórsins

Afmælistónleikar Kirkjukórs Hveragerðis- og Kotstrandasókna sunnudaginn 22. nóvember kl. 17.00 í Hveragerðiskirkju. Kórinn fagnar 80 ára afmæli sínu og Hveragerðisbæjar.



Nánari dagskrá má finna
á hveragerdi.is
og með því að skanna
QR kóðann

Einnig má senda upplýsingar um viðburði með mynd,
tímasetningu og stuttri kynningu á viðburðinum á
netfangið mottaka@hveragerdi.is. Viðburðinum verður
þá bætt við afmælis dagskrána.



Hveragerðisbær